



ÁKALL UM ALÞJÓÐABANDALAG GEGN GLÓBALISMANUM

Við höfum í tvö ár núna orðið vitni að alheimsvaldaráni „*coup d'état*“, þar sem fjármála- og hugmyndafræðilegri yfirstétt hefur tekist að taka völdin meðal hluta þjóðstjórna, opinberra stofnana og einkastofnana, fjölmiðla, dómskerfis, stjórnámamanna og trúarleiðtoga. Allir án heiðurs hafa verið gerðir að þrælum nýju herranna til að tryggja völdin, peningana og félagslega viðurkenningu skjólstæðinga sinna. Grundvallarréttindi, sem fram að þessu hafa verið friðhelg, eru fótum troðin í nafni neyðarástands: í dag er það heilsufarslegt neyðarástand, á morgun vistfræðilegt neyðarástand og eftir það neyðarástand á Internet.

Þetta alþjóðlega valdarán sviptir burtu öllum möguleikum borgaranna til að snúast til varnar, þar sem löggjafarvaldið, framkvæmdarvaldið og dómsvaldið hafa gerst samsek um að vanvirða lög og réttlæti og grundvöll þeirra. Þetta er alþjóðlegt valdarán, því þessi glæpsamlega árás gegn borgurum nær til alls heimsins með fáum undantekningum. Það er heimsstyrjöld, þar sem óvinirnir eru við öll, einnig þeir sem óafvitandi hafa enn ekki skilið þýðingu þess, sem er að gerast. Þetta er stríð, þar sem ekki er barist með vopnum heldur með ólögnum reglum, raskaðri efnahagsstefnu og ópolandi takmörkunum á eðlilegum mannréttindum.

Yfirþjóðleg samtök, sem að miklu leyti eru fjármögnuð af samsærismönnum þessa valdaráns, skipta sér af ríkisstjórnnum einstakra þjóða og lífum þeirra og samböndum, er varða heilsu milljarða manna. Þeir gera það –vissulega– vegna peninga en í enn ríkari mæli til þess að miðstýra valdinu og koma á einræði á allri plánetunni. Þetta er Endurræsingin mikla í höndum World Economic Forum, Dagskrá 2030 í höndum Sameinuðu þjóðanna. Þetta er áætlanin um hina Nýju Heimsskipan, þar Alþjóðaveldið gerir alla að þrælum og beinir trúarbrögðum mannkyns frá trú á Krist.

Í ljósi þessa alþjóða valdaráns er nauðsynlegt að stofna Alþjóðlegt Bandalag gegn glóbalismanum, sem safnar öllum þeim sem vilja andmæla einræðinu; sem hafa alls ekki í hyggju að gerast þrælur hins andlitslausa valds; sem eru ekki tilbúnir til að leggja niður sjálfsmynd sína, persónu sína, trúarsannfæringu sína. Ef árásin er alþjóðleg, þá verða varnir einnig að vera alþjóðlegar.

Ég kalla á ráðamenn, stjórnámála- og trúarleiðtoga, menntamenn og allt vel meinandi fólk að koma til sameiningar í bandalagi, sem sendir frá sér ávarp gegn glóbalistunum, hrekur lið fyrir lið rangfærslur og afvegaleiðandi hryllingsmynd Nýju Heimsreglunnar; leggur til áþreifanlega valkosti í stjórnámálegri stefnuskrá, sem er innblásin almennri skynsemi, siðferðisreglum kristinnar, hefðbundnum gildum, verndun lífs og náttúrunnar,

verndun fyrirtækja og atvinnu, eflingu menntunar og rannsóknarstarfa og virðingu fyrir sköpuninni.

Bandalag gegn Glóbalistum mun safna þeim þjóðum saman, sem vilja komast undan vítisoki harðstjórnar og vilja staðfesta eigið fullveldi, semja um gagnkvæmt samstarf þjóða á milli á grundvelli sameiginlegra reglna, frelsisþrá, réttlætiskennnd og góðvild. Það mun fordæma glæpi elítunnar, bera kennsl á þá ábyrgu, draga þá fyrir alþjóðleglega dómstóla og takmarka óhófleg völd og skaðleg áhrif þeirra. Bandalagið mun koma í veg fyrir aðgerðir þrýstihópa, framar öllu með baráttu gegn spilltum embættismönnum ríkisins og þeirra sem starfa í upplýsingaiðnaði og með því að frysta það fjármagn, sem notað er til að raska samfélagsskipaninni.

Í þjóðum þar sem ríkisstjórnir eru undirgefnar elítunni verður kleift að koma andspyrnuhreyfingum á legg og stofna þjóðfrelsisnefndir með þátttöku fulltrúa frá öllum greinum samfélagsins, sem leggja til róttækar stjórn málaumbætur, hvattar af almannaheill og staðfastlega á móti fólkstakmarkandi verkefnum alþjóðahyggjunnar.

Ég býð öllum þeim, sem vilja verja hefðbundið kristið samfélag að koma saman til fundar á alþjóðlegum vettvangi, sem haldinn verður eins fljótt og auðið er, þar sem fulltrúar ýmissa þjóða koma saman til að kynna grundvallaðar, áþreifanlegar og skýrar tillögur. Ákall mitt beinist að stjórn mála leiðtogum og ráðamönnum, sem er annt um hag landsmanna sinna, vilja víkja til hliðar gamla stjórn mála flokkakerfinu og málflutningi þess kerfis, sem er hneppt í fjötra valds og peninga. Ég kalla á kristnar þjóðir sameiginlega – frá austri til vesturs, að bjóða þjóðhöfðingjum og heilbrigðum kröftum stofnana, atvinnulífs, vinnuafis, háskóla, heilbrigðis- og upplýsingaþjónustu, að taka þátt í sameiginlegu verkefni, trufla gömlu kerfin og leggja til hliðar þann fjandskap, sem óvinir mannkyns óska eftir í nafn sundrunar „divide et impera.” Við samþykkið ekki reglur andstæðinga okkar, vegna þess að þær eru einmitt gerðar til að koma í veg fyrir að við bregðumst við og skipuleggjum áhrifaríka og skarpa andstöðu.

Ég skora á þjóðirnar og þegna þeirra að bindast saman undir Kross Drottins okkar, Jesús Krists, hins eina konungs og frelsara, prins friðarins. Í þessu tákni muntu sigra – „*In hoc signo vinces.*”

Stofnum Bandalag gegn Glóbalisma með einfaldri og skýrri stefnuskrá og frelsum mannkynið frá þeirri alræðisstjórn, sem í sjálfu sér er hryllingur verstu einræðisríkja allra tíma. Ef tafir halda áfram, ef við skiljum ekki þá ógn sem vofir yfir okkur öllum, ef við bregðumst ekki við með því að skipuleggja okkur í staðfasta og hugrakka andspyrnuhreyfingu, þá mun þessi endalokastjórn sem er að festa sig í sessi alls staðar ekki verða stöðvuð.

Megi Guð almáttugur aðstoða okkur og vernda.

+ Carlo Maria Viganò, Erkibiskup
Fyrrum postullegur sendiboði til Bandaríkjanna

16. November 2021